

Tillaga til 481. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 14. október 2021

Tillaga frá 567. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 29. september 2021, um að bæjarstjórn heimili auglýsingu eftir áhugasömum aðilum til að byggja upp orlofsbyggð og standa að skipulagsbreytingum á aðal- og deiliskipulagsstigi við reit I9.

3. Ósk um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-20, svæði Í9. Dagverðardalur, orlofshúsabyggð - 2021060044

Jón G. Magnússon hjá M11 teiknistofu, f.h. Fjallabóls ehf. sækir um svæði til afnota í Dagverðardal undir fyrirhugaða orlofshúsabyggð til stéttarfélaga og ferðamanna. Núverandi landnotkun svæðisins í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 gerir ráð fyrir íbúðarhúsabyggð, Í9. Meðfylgjandi er erindisbréf ásamt skýringarmyndum dags. 15. apríl 2021. Á 563. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar var erindinu vísað inn í vinnu við nýtt aðalskipulag. Samkvæmt Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er gert ráð fyrir að tiltekið svæði sé undir íbúðarbyggð.

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að í ljósi jafnræðissjónarmiða sé ekki hægt að fallast á erindið. Nefndin leggur til við bæjarstjórn að heimila auglýsingu eftir áhugasömum aðilum til að byggja upp orlofsbyggð og standa að skipulagsbreytingum á aðal- og deiliskipulagsstigi við reit I9.